

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Sjálandsskóli Garðabæ



Almannavarnadeild
ríkislögreglustjórans

Sóttvarnalæknir

Menntamálaráðuneyti

Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur að viðbragðsáætlun</i>	3
2.	<i>Heimsfaraldur</i>	4
3.	<i>Háskastig almannavarna</i>	5
4.	<i>Virkjun viðbragðsáætlana skóla</i>	9
5.	<i>Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans</i>	10
6.	<i>Starfssvæði skólans og umfang</i>	11
7.	<i>Áhættumat vegna heimsfaraldurs</i>	12
8.	<i>Viðbragðsáætlun Sjálandsskóla við heimsfaraldri</i>	14
9.	<i>Samskiptaleiðir</i>	17
10.	<i>Dreifingarlisti</i>	19
11.	<i>Breytingasaga</i>	20

1. Inngangur að viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í Sjálandsskóla Garðabæ í samræmi við áætlun Almannaþingarinnar um viðbrögð við heimsfaraldri.

Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar til faraldurs kemur.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs.

Viðbragðsáætlunir skóla hafa samræmda uppbyggingu. Kaflar 2, 3, 4 og 7 eru sameiginlegir og geyma almennar upplýsingar frá menntamálaráðuneyti, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis. Aðra kafla semja skólarnir sjálfir og mynda þeir hina eiginlegu viðbragðsáætlun hvers skóla.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum skólastjóra Sjálandsskóla. Áætlunin verður endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði skóla. Ef miklar breytingar verða á starfsemi skólans verður áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin verður kynnt fyrir starfsmönnum skólans, nemendum og forráðamönnum ólöggráða nemenda. Hún er aðgengileg á <http://www.sjalandsskoli.is> og útprentuð á skrifstofu skólans, vinnuherbergjum kennara, kaffistofu og á skrifstofu skólastjóra.

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

11. ágúst, 2009

Endurskoðuð 30. mars, 2020

Edda Björg Sigurðardóttir, skólastjóri

2. Heimsfaraldur

Saga heimsfaraldrar

Allt frá 16. öld hafa heimsfaraldrar riðið yfir heiminn að minnsta kosti tvisvar til þrisvar á öld. Á 20. öldinni riðu þrjú heimsfaraldrar inflúensu yfir. Sá fyrsti geisaði 1918 og var afar mannskæður. Hann var nefndur spænska veikin en talið er að 50-100 milljón manns hafi látið lífið af hans völdum. Hinir tveir heimsfaraldrarnir riðu yfir 1957 og 1968 en ollu mun minna manntjóni. Á Íslandi gekk spænska veikin á suðvesturhluta landsins á tímabilinu frá október til desember 1918 en áður hafði væg sumarinflúensa gengið yfir 1918. Spænska veikin hófst í ágúst í Evrópu og Norður-Ameríku.

Talið er að um 60% Reykvíkinga hafi veikst af spænsku veikinni og að allt að 500 manns látist á landinu öllu. Íslendingar geta dregið nokkurn lærdóm af reynslu þjóðarinnar frá þeim tíma. Til að hindra útbreiðslu veikinnar voru settar ferðatakmarkanir og lokað var fyrir umferð um Holtavörðuheidi og einnig yfir Mýrdalssand. Með þessu tókst að hindra að veikin bærist til Norðurlands og Austurlands en til Vestfjarða barst hún með skipum.

Þar sem að fyrri faraldrar hafa riðið yfir á um 40 ára fresti og síðasti faraldur geisaði fyrir 40 árum hefur verið búist við nýjum faraldri í nokkurn tíma. Í apríl greindist nýr stofn inflúensuveiru í mönnum (H1N1) í Mexíkó og Bandaríkjunum. Þessi stofn hefur breiðst nokkuð hratt út um heimsbyggðina og þegar þetta er skrifað (30. júlí 2009) hafa 46 tilfelli greinst á Íslandi. Til þessa hafa veikindi verið væg og dauðsföll fátíð. Rétt er að benda á að skæð inflúensa af A stofni (H5N1) hefur breiðst út í fuglum undanfarin 10 ár og í stöku tilfellum borist í menn með alvarlegum afleiðingum.

Nú á síðustu árum höfum við upplifað nokkra heimsfaralda og er nýjasti faraldurinn, COVID-19. Þessi stofn á upptök sín í Kína og hefur breiðst nokkuð hratt út um heimsbyggðina og mikilvægt að við á Íslandi séum með viðbúnað og tilbúinn að takast á við þessa útbreiðslu.

Viðbragðsáætlanir skulu vera í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs sem undirrituð var 5. Mars 2020 og er að finna á www.almannavarnir.is og www.landslaeknir.is

Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs miðar að því að lágmarka áhrif og afleiðingar hans innan skólans með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði skólans.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

3. Háskastig almannavarna

Almannavarnastig

Viðbragðsáætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig sem skilgreina alvarleika þess ástands sem steðjar að. **Háskastigin eru: Óvissustig, hættustig og neyðarstig.**

Til þess að gefa til kynna umfang almannavarnaviðbragða, þ.e. fjölda þeirra eininga sem virkjaðar eru í þágu almannavarna í hvert sinn, þörf fyrir víðtæka samhæfingu og fjölda stjórnstiga er hægt að skilgreina umfang á hverju almannavarnastigi með litum sem hér segir:

- **Grænt**

Atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum.

- **Gult**

Alvarlegur atburður og sinnt af mörgum viðbragðsaðilum.

- **Rautt**

Mjög umfangsmikill atburður á mörgum svæðum.

- **Svart**

Þjóðarvá - hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

Með hliðsjón af þessu taka sóttvornalæknir og ríkislögreglustjóri ákvörðun um umfang aðgerða hverju sinni og upplýsa viðbragðsaðila.

Óvissustig

Athuganir, mælingar, hættumat

Skilgreining:

Nýr undirflokkur veiru greinist í mönnum en sýking milli manna er ekki þekkt nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvornalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Samráð / samstarf er við mikilvæg erlend samtök og stofnanir.
2. Samráð / samstarf milli innlendra stofnana, samtaka, fyrirtækja og félaga.
3. Skráning upplýsinga um staði þar sem sýking (H5N1? – önnur sýking ?) hefur komið upp.
4. Athugun á birgðastöðu matar, lyfja og annarrar nauðsynjavöru.
5. Athugun á boðleiðum, fjarskiptum og fleiru þess háttar.
6. Æfingar, almannavarnaæfing, minni æfingar innan stofnana og / eða hjá aðilum, sem hafa sameiginleg verkefni.

Viðbúnaður vegna hættu

Skilgreining:

1. Engin staðfest sýking hérlandis.
2. Litlar hópsýkingar af völdum nýs undirflokks veirunnar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði en veiran virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum.
3. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran aðlagist mönnum í vaxandi mæli en þó ekki þannig að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að sýktir einstaklingar komi til Íslands.
2. Komi fólk frá sýktum svæðum til Íslands fer fyrsta læknisrannsókn fram í flughöfnum (Keflavík) og höfnum.
3. Söfnun og úrvinnsla faraldursfræðilegra upplýsinga.
4. Hugsanlega loka einhverjum höfnum / flugvöllum.
5. Heimasóttkví hugsanlega beitt gegn þeim sem eru einkennalausir en gætu hafa smitast.
6. Skip hugsanlega sett í sóttkví.
7. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi lyfja meðal áhættuhópa íhuguð.
8. Athuga með heimköllun Íslendinga frá svæðum þar sem hópsýkingar af völdum nýs stofns veiru hafa brotist út.

Neyðarstig

Neyðaraðgerðir vegna atburða

Skilgreining:

1. Stofn veirunnar hefur fundist í einum fleiri einstaklingum hérlandis eða heimsfaraldri hefur verið lýst yfir. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Viðbragðskerfi að fullu virkjað.
2. Fólk með undirliggjandi sjúkdóma ber ábyrgð á heilsu sinni og viðbrögðum í samráði við sinn lækni.
3. Skólar munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er
4. Markmið er að starfsmenn skóla haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana.
5. Samkomubann, lokun skóla o.fl.

Skammstafanir og orðskýringar

AR	Sýkingartíðni
AVD	Almannavarnadeild
AVN, Av-nefnd	Almannavarnanefnd
CDC	Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna
CFR	Dánarhlutfall sjúkdóms
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins
ESB	Evrópusambandið
LL	Landlæknisembættið
RLS	Ríkislögreglustjórinn
RÚV	Ríkisútvarpið
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð
SVL	Sóttvarnalæknir
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin

DMR	Dómsmálaráðuneyti
HBR	Heilbrigðisráðuneyti
MRN	Menntamálaráðuneyti

Sóttvarnaráðstafanir

Heilbrigðisráðherra kveður á um **samkomubann** samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis (sbr. 12. gr. laga nr. 19/1997). Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um framkvæmd samkomubanns í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra. Í samkomubanni felst að fjöldsamkomur eru óheimilar, s.s. fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og reglulegar guðsþjónustur. Samkomubann er sett samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Þegar ekki eru lengur forsendur fyrir samkomubanni afléttir heilbrigðisráðherra því samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að fenginni tillögu sóttvarnalæknis að **takmarka ferðafrelsi** manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls og einangrunar sýktra manna, sbr 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997. Sóttvarnalæknir gefur fyrirmæli um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almannavarnadeild sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra.

Háskastig WHO

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) í samvinnu við sóttvarnastofnanir í Bandaríkjunum (CDC) og Evrópu (ECDC) ásamt framkvæmdastjórn ESB hafa með sér náð samstarf við að fylgjast með og meta stöðuna. Íslendingar fá upplýsingar frá WHO og hafa jafnframt nána samvinnu við ECDC og ESB um vöktun og viðbrögð.

Í stigaskipan WHO er gert ráð fyrir þremur skeiðum í heimsfaraldri; *skeið á milli heimsfaraldra, viðvörunarskeiði og skeiði heimsfaraldurs*. Innan hvers skeiðs eru skilgreind mismunandi stig og eru þau sex talsins.

Stig WHO segja meira til um útbreiðslu frekar en alvarleika sýkingar. Stig 6, *skeið heimsfaraldurs*, getur verið vaxandi útbreiðsla á vægri influensu. Viðbragðsáætlun ráðuneyta gegn heimsfaraldri influensu er gerð með háskastig almannavarna til hliðsjónar en stigaskipan WHO er mikið notuð í fjölmiðlum og er sett hér fram til skýringar.

Háskastig WHO	
Stig heimsfaraldurs	Markmið aðgerða
<p>Skeið milli heimsfaraldra</p> <p>Stig 1. Enginn nýr veirustofn hefur greinst í mönnum.</p> <p>Stig 2. Enginn nýr stofn veiru hefur greinst í mönnum. Stofn veiru geisar í dýrum og talinn geta ógnað mönnum.</p> <p>Viðvörðunarskeið</p> <p>Stig 3. Nýr stofn veiru hefur greinst í mönnum en ekki er vitað til þess að hann berist manna á milli nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband manna.</p> <p>Stig 4. Litlar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði af völdum nýs stofns en hann virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum.</p> <p>Stig 5. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran hafi í vaxandi mæli aðlagast mönnum, þó ekki í þeim mæli að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri.</p> <p>Skeið heimsfaraldurs</p> <p>Stig 6. Heimsfaraldur: Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits á meðal manna.</p>	<p>Styrkja viðbúnað við heimsfaraldri.</p> <p>Lágmarka hættu á smiti, uppgötva og tilkynna slík smit án tafar.</p> <p>Tryggja hraða greiningu á nýjum stofni veirunnar. Greina tilfelli fljótt og tilkynna þau án tafar. Hröð viðbrögð við fleiri tilfellum.</p> <p>Halda nýjum stofni innan afmarkaðs svæðis/uppsprettu eða seinka útbreiðslu og vinna tíma til að bregðast við (bóluefni ofl.).</p> <p>Hámarksáhersla er lögð á að koma í veg fyrir eða seinka útbreiðslu og, ef mögulegt, afstýra heimsfaraldri og vinna tíma til að hrinda í framkvæmd sóttvarnaráðstöfunum.</p> <p>Draga úr afleiðingum heimsfaraldurs eins og unnt er.</p>

4. Virkjun viðbragðsáætlana skóla

Í þessum kafla er gerð grein fyrir verkefnum þeirra aðila sem skyldum hafa að gegna í heimsfaraldri. Öll verkefni eru háð aðstæðum hverju sinni og getur því bæði þurft að bæta í það sem talið er upp í hverju almannavarnastigi eða sleppa einhverjum liðum. Listarnir eru alls ekki tæmandi en eru upptalning á helstu verkefnum.

Muna eftir verkefnum á fyrri stigum, þ.e. að hluti eða í heild verkefna sem talin eru upp á til dæmis óvissustigi geta líka verið verkefni á hættustigi. Sama gildir um verkefni sem eru á neyðarstigi en þangað geta fylgt verkefni sem bæði eru á óvissu- og hættustigi.

Sóttvarnalæknir tilkynnir breytingar á háskastigi (sjá nánar um stig í kafla 3).

Breyttur viðbúnaður í skólum

Tilkynntar breytingar á háskastigi sem kalla á sérstök viðbrögð skóla á tilteknu sóttvarnasvæði eða landinu öllu verða staðfestar af menntamálaráðuneytinu með tilkynningu í fjölmiðlum og á heimasíðu þess <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/mennta-og-meningarmalaraduneytid/> og eftir atvikum með tölvupósti til skólastjórnenda og sveitarfélaga.

Viðbúnaður í einstökum skólum. Til þess getur komið að gera verði breytingar á skólahaldi í einstökum skólum án þess að tilkynnt hafi verið um breytt háskastig, t.d. vegna mikilla forfalla. Skólastjórnendur bera ábyrgð á slíkum breytingum með hefðbundnum hætti. Eðlilegt er að haft sé samráð við sóttvarnalækni á svæði skóla áður en veigamiklar breytingar á skólahaldi eru ákveðnar.

Afboðun. Þeir þættir viðbragðsáætlana skóla sem virkjaðir eru skulu ekki aflagðir fyrr en formleg boðun um það kemur frá yfirvöldum.

Helstu verkefni skóla á einstökum stigum

ÓVISSUSTIG

- Allir fræðsluaðilar geri viðbragðsáætlun sem tekur mið af aðstæðum fræðsluaðila. Skólastjóri eða forstöðumaður er ábyrgur fyrir áætluninni en getur falið öðru starfsfólki gerð hennar.
- Yfirfara allar boðleiðir og gera áætlun um hvernig nýta megi sem best upplýsingamiðlun fræðsluaðila svo sem símasvörun, tölvupóst, nettengd kennslukerfi, heimasíðu og samskiptamiðla.
- Stjórnendur fái heilbrigðismenntaðan starfsmann til að vinna með fræðsluaðila að undirbúningi.
- Kortleggja tengsl fræðsluaðila við aðrar almannavarnaráætlanir í sveitarfélaginu og tryggja samræmi þar á milli.

HÆTTUSTIG

- Gera birgðaáætlun um sóttvarnabúnað fræðsluaðila (grímur, hanskar o.fl.) og tryggja nægar birgðir.
- Gera verklagsreglur um ræstingar með tilliti til sóttvarna.
- Gera verklagsreglur um viðbrögð við veikindum nemenda og starfsfólks í samræmi við tilmæli heilbrigðisyfirvalda og almannavarna.
- Gera áætlun um öryggi fasteigna og búnaðar, komi til lokunar.
- Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.

- Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

NEYÐARSTIG

- Skólar munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.
- Markmið er að starfsmenn skóla haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana.
- Skipuleggja hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi.
- Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

5. Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans

Verkefni skóla:

Yfirstjórn

Skólastjóri Sjalandskóla er skv. lögum forstöðumaður grunnskóla. Skólastjóri ber ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og veitir honum faglega forystu. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill hans. Saman mynda þeir daglega yfirstjórn skólans og mynda þau verkefnisstjórn viðbragðsáætlunar ásamt eftirtöldum lykilstarfsmönnum:

- Skrifstofustjóri (umsjónarmaður tölvusamskipta við forráðamenn nemenda)
- Umsjónarmaður fasteignarinnar
- Hjúkrunarfræðingur
- Kennsluráðgjafi (umsjónarmaður heimasíðu) sem ráðgjafi.

Í Sjalandskóla starfar Skólaráð og mun verkefnisstjórn hafa náið samstarf við ráðið, skóladeild Garðabæjar, skólanefnd Garðabæjar og heilsugæslu Garðabæjar.

6. Starfssvæði skólans og umfang



Umfang: Sjalandskóli í Garðabæ er heilstæður grunnskóli og þjónar einkum íbúum Sjalands, Ásahverfis, Grundahverfis og Arnarness. Í húsnæði skólans starfar einnig Alþjóðaskólinn. Skólaárið 2019-2020 eru samtals 304 nemendur í Sjalandskóla og um 100 í Alþjóðaskólanum. Starfsmenn í Sjalandskóla eru 76 þar með taldir starfsmenn í tómsundaheimili.

Húsnæði: Skólabyggingin er í tveim áföngum, samtals tæplega 7000m² og stendur við Löngulínu 8 í Garðabæ. Skólinn byggir á hugmyndafræði um opið og sveigjanlegt skólastarf og eru kennslurýmið opin. 60-90 nemendur eru saman í rými með 4-6 kennurum. Heimasvæði, listgreinastofur, tölvuver, bókasafn og skrifstofa er í 1. áfanga. Í öðrum áfanga er samkomusalur, tónlistarmiðstöð, íþróttamiðstöð, eldhús og tómsundaheimili skólans.

- Sími: 590-3100
- Fax: 590-3110
- Netfang: sjalandsskoli@sjalandsskoli.is
- Heimasíða: <http://www.sjalandsskoli.is>

Aðalinnangangur skólans er með aðkomu frá Ránargrund. Skrifstofur skólans eru á efri hæð skólans, í austurálmum næst sjónum. Hann er einnig innangangur starfsmanna, foreldra og gesta á skólatíma.

Nemendainngangur eru tveir. Sá sem næstur er Vífilsstaðavegi er einkum ætlaður nemendum í unglingsdeild og í 7. bekk. Hinn er ætlaður nemendum í 1-6. bekk.

Hátíðarinnangangur er að vestanverðu við Löngulínu í 2. áfanga skólans. Allar aðrar dyr í 2. áfanga eru einungis ætlaðar til útgöngu.

Bílastæði skólans eru við Vífilsstaðaveg austan við íþróttavöllinn. Við hringtorg eru „sleppistæði“ sem ekki má nota sem bílastæði. Við hátíðarinnangang eru nokkur skammtíma-stæði.

7. Áhættumat vegna heimsfaraldurs

Líkur á að hingað berist alvarlegur smitsjúkdómur eru töluverðar enda eru ferðalög til og frá Íslandi tíð. Fyrirfram er ekki hægt að fullyrða neitt um hversu skæður slíkur faraldur verður. Áhættumatið mótast meðal annars af alvarleika veikindanna, hversu móttækilegt fólk í samfélaginu er fyrir sýkingunni, getu veirunnar til að smita og hverjir áhættuhóparnir eru. Hægt er að draga úr alvarlegum veikindum með notkun veirulyfja og bóluefnis, ef það er aðgengilegt.

Áhættumat fyrir Ísland

Viðbragðsáætlanir hér á landi miða að því að tefja útbreiðslu faraldurs og draga úr alvarlegum afleiðingum hans en óvíst er hvort alveg verði hægt að koma í veg fyrir útbreiðslu nýs smitsjúkdóms hér á landi. Eiginleikar smitefnisins eins og smitstuðull (R0), hvort einkennalausir eru smitandi og hversu lengi einstaklingar eru smitandi hafa meðal annars áhrif á útbreiðslu sýkingarinnar. Alvarleiki sýkingarinnar, dánarhlutfall, aðgengi að veirulyfjum og bóluefni hafa einnig áhrif á áhættumat. Áætlað er að samhæfðar viðbragðsáætlanir hér á landi fækki sjúkdómstilfellum og dragi úr alvarlegum afleiðingum faraldursins. Gera þarf ráð fyrir að atvinnulífið hér á landi geti lamast í tiltekinn tíma eða frá tveimur vikum og upp í þrjá mánuði, en með gerð viðbragðsáætlunar er reynt að lágmarka þann skaða sem sjúkdómurinn veldur hverju sinni. Þrátt fyrir að öllum tiltækum ráðstöfunum verði beitt má alltaf búast við ófyrirséðum afleiðingum. Reikna má með að fjárhagsleg afkoma heimila rýrni tímabundið, verðmæti glatist, dragi úr komu ferðamanna, sjávarfang minnki vegna skorts á vinnuafli og þjóðartekjur minnki í einhvern tíma. Almenn gerir þessi áætlun vegna heimsfaraldurs ráð fyrir að 25–50% þjóðarinnar sýkist þrátt fyrir sértækar sóttvarnaráðstafanir og að atvinnulíf lamist að hluta í tvær vikur til þrjá mánuði. Í heimsfaraldri gerir sóttvarnalæknir áhættumat og endurtekur það svo oft sem þurfa þykir. Áhættumatið er byggt á gögnum frá ECDC, WHO og gangi faraldurs hér á landi. Áhættumatið er birt í upphafi hvers stöðufundar með viðbragðsaðilum og farið yfir mögulegar mótvægisáðgerðir. Endurtekið áhættumat er birt í hverri stöðuskýrslu.

Vöktun og farsóttagreining í heimsfaraldri

Tilgangur með vöktun og farsóttagreiningu í heimsfaraldri er margvíslegur. Meta þarf útbreiðslu sjúkdóms, sjúkdómsbyrði í samfélaginu og greina áhættuhópa. Að auki þarf að meta árangur veirulyfjanotkunar og bólusetninga eftir að bóluefni er orðið aðgengilegt. Til greina kemur einnig að skoða árangur opinberra sóttvarnaráðstafana. Vöktun og farsóttagreining leggur þannig grunn að áhættumati sem hefur stefnumótandi áhrif á aðgerðir til að bregðast við heimsfaraldri. Upplýsingar til almennings, fagaðila og stjórnvalda um stöðu faraldurs á hverjum tíma byggja á vöktun og farsóttagreiningu.

Ýmsar leiðir eru til að vakta heimsfaraldur. Í heimsfaraldri verða veikindi tilkynningarskyld á Íslandi svo hægt sé að afla persónugreinanlegra upplýsinga með ítarlegum upplýsingum um þá sem greinast með staðfesta sýkingu. Fylgst verður með sjúkdómseinkennum og hvaða meðferð þeir fá ásamt faraldsfræðiupplýsingum. Vakta þarf innlagnir á sjúkrahús með sérstaka áherslu á innlagnir á gjörgæsludeild og upplýsingum verður safnað um einkenni, undirliggjandi sjúkdóma, fyrri bólusetningar, veirulyfjameðferð og aðra meðferð, þ.m.t. öndunaraðstoð og afdrif sjúklingsins. Í heimsfaraldri verður fylgst með dauðsföllum í sem næst rauntíma. Sú vöktun er tvíþætt, bæði þarf að rýna í dánarsök þeirra sem deyja á tímabilinu til að greina óvænt dauðsföll af völdum faraldurs og einnig þarf að fylgjast með vikulegum dánartölum. Fylgst

verður með útbreiðslu faraldursins með gögnum frá heilsugæslunni og bráðamóttökum með skráningu þeirra sem leita til læknis vegna einkenna. Hver sjúkdómur hefur sérstakan kóða og nýir sjúkdómar eru einnig skráðir samkvæmt ICD10 flokkunarkerfi.

Tilkynningar berast um þá einstaklinga sem lækni gefur ICD-10 kóða fyrir greiningu í Sögu sjúkraskrá þegar lækni hefur staðfest samskiptin. Til að afla framangreindra upplýsinga heldur sóttvarnalæknir eftirtaldar skrár um:

- Staðfest tilfelli frá sýkla- og veirufræðideild Landspítala.
- Klínískar tilkynningar um staðfest tilfelli frá læknum.
- Faraldurseinkenni, skráð í Sögu sjúkraskrá.
- Innlagnir á sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir vegna faraldursins.
- Dauðsföll, þ.m.t.:
 - Dánarmeinaskrá með ítarupplýsingum.
 - Vikulegar dánartölur – ópersónugreinanlegar fjöldatölur.
- Fjölda bólusetninga ef bóluefni er tiltækt.
- Skráningu á notkun veirulyfja bæði á veirulyfjum úr neyðarbirgðum sóttvarnalæknis og veirulyfjum sem eru seld í apótekum ef viðeigandi veirulyf eru tiltæk.

Önnur óhefðbundin vöktun sem kemur til greina er að fylgjast með fjarvistum í grunnskólum landsins. Stöðug úrvinnsla og greining á þessum gögnum er nauðsynleg til að uppfæra áhættumat m.t.t. áframhaldandi aðgerða og til að upplýsa alla hlutaðeigandi.

Hluti framangreindra gagna er að auki sendur til Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem fylgjast með framgangi faraldursins og uppfæra áhættumat bæði fyrir Evrópu og allan heiminn.

8. Viðbragðsáætlun Sjálandsskóla við heimsfaraldri

Verkefni skóla: Sjálandsskóli starfar samkvæmt almennum reglum um viðbrögð við hættu- eða neyðarástandi.

Verkefnisstjórn: Í verkefnisstjórn sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, hjúkrunarfræðingur, ritari skólans og umsjónarmaður fasteigna. Hópurinn hefur náði samstarf við heilsugæslu og skóladeild Garðabæjar varðandi upplýsingagjöf, ákvarðanir og framkvæmd viðbragðsáætlunar. Kennsluráðgjafi í upplýsinga- og tölvutækni aðstoðar verkefnisstjórn við rafrænar boðleiðir.

Á fyrstu stigum er það meginverkefni verkefnisstjórnar að ákveða hver, hvernig og hvenær eigi að upplýsa starfsmenn, nemendur og aðstandendur um veiruna, útbreiðsluleiðir og hvernig draga megi úr hættu á smiti. Jafnframt því gerir verkefnisstjórn áætlun um auknar smitvarnir, breyttar áherslur í þrifum t.d. sóttthreinsun. Í áætlun um aukin þrif þarf að huga að viðbótar hlífðarbúnaði starfsmanna sem annast þrif og sóttthreinsun.

Upplýsingagjöf: Verkefnisstjórn mun með öllum boðleiðum miða að því að eyða óþörfum ótta og að tekist sé á við hugsanlega vá af þekkingu og yfirvegum. Í Sjálandsskóla eru samskipti við heimilin nær eingöngu með tölvupósti en til viðbótar verða upplýsingar settar fram á heimasíðu skólans. Hugsanlega verða að auki útbúnir dreifimiðar.

Önnur fræðsla: Það fer eftir þróun faralds hversu víðtæk fræðsla verður en í upphafi munu allar almennar leiðir nýttar. Nemendum verður sagt frá flensunni og viðbrögðum við henni. Umsjónarkennari hvers hóps sér um fræðsluna þannig að hún er miðuð að hverjum aldurshópi fyrir sig. Umfjöllunarefnið er þó það sama í öllum hópum. Hvað er heimsfaraldur?, Hvað getum við gert til að minnka líkur á að fá flensu?, Hvað eigum við að gera ef við verðum lasin? Markmiðið með fræðslunni er að draga úr líkum á smiti og eyða óþarfa ótta. Æskilegt er að sérfræðingur s.s. fulltrúi heilsugæslu fræði starfsmenn sérstaklega um mikilvæg atriði í sóttvörnum. Viðvaranir og áminningar um hreinlæti verða sett upp í skólanum á áberandi stöðum og inn á salernum og við alla vaska. Öllum aðilum verður bent á slóðir sem veita fræðslu á Neti: www.almannavarnir.is og www.landlaeknir.is

Viðbrögð við einstaka veikindatilfellum nemenda: Áfram verður stuðst við þá vinnureglu sem viðhöfð hefur verið áður vegna veikinda á skólatíma. Ef nemandi veikist í skólanum aðstoðar viðkomandi kennari nemandann að ganga frá dótinu sínu og hringir í aðstandendur. Nemanda er síðan fylgt til hjúkrunarfræðings eða skrifstofustjóra þar sem hann getur beðið eftir að verða sóttur. Ef ekki næst í forráðamenn þá bíður nemandinn hjá áður nefndum aðilum. Ef hjúkrunarfræðingur er í skólanum á þeim tíma sem nemandi veikist þá tekur hann ákvörðun um að hringja heim – annars viðkomandi kennari eða skólastjórnendur. Foreldrar þurfa síðan að tilkynna daglega um veikindi nemenda.

Viðbrögð við útbreiddum veikindatilfellum: Ef veikindatilfelli nemenda og starfsmanna verða útbreidd verður skólahaldið áfram í lengstu lög (sjá nánar bls. 15). Nemendahópar verða við slíkar aðstæður hugsanlega sameinaðir og föstum verkefnum starfsmanna breytt svo halda megi skólstarfi áfram. Þannig verður sett í forgang að viðhalda kennslu og starfi í umsjónarhópum. Við slíkar tímabundnar aðstæður munu náms- og starfsáætlanir skólans að öllum líkindum taka breytingum.

Lokun skóla

Ljóst er að það ástand getur skapast að loka þurfi skóla. Slíkt verður gert í Sjúlandsskóla í samráði við skóla- og heilbrigðisyfirvöld eftir mat og ákvörðun verkefnisstjórnar.

Hvernig verður lokun auglýst og aflýst?

Ef sú staða kemur upp að skóla verður lokað þá verður upplýsingakerfi Námfús notað til að auglýsa lokunina þ.e. öllum foreldrum og starfsmönnum verður sendur tölvupóstur þess efnis. Ritari mun sjá um að senda út að beiðni skólastjóra (eða staðgengils hans). Ef ritari hefur ekki tæk á því þá er það kennsluráðgjafi sem sér um þessa þætti. Auglýsing verður einnig birt á heimasíðu skólans. Við alla innganga verður hengd upp auglýsing þessa efnis. Umsjónarmaður eða staðgengill hans mun sjá um að hengja upp auglýsingar. Ritari eða staðgengill hans sér um að hringja í starfsfólk skólans og tilkynna þeim lokunina.

Hvaða boðleiðir til og frá skóla haldast opnar þannig að nauðsynlegt upplýsingastreymi haldist gangandi?

Skólinn mun halda öllum boðleiðum til heimila nemenda og starfsmanna opnum með tölvupósti og tilkynningum á heimasíðu. Jafnframt mun skólinn vera með í þeim tilkynningum sem berast frá skólayfirvöldum í Garðabæ.

Nám og kennsla við lokun skóla

Ekki er gert ráð fyrir eiginlegu skólastarfi og vinnu samkvæmt námsáætlun ef til kemur lokunar skóla. Forráðamenn verða þó minntir á að fylgja eftir heimalestri.

Ef veikindi verða mikil hjá aðilum í verkefnisstjórn mun leitað eftir viðbótarfólki úr hópi starfsmanna samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi (röðun).


Umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur

Verkefnisstjórn Sjúlandsskóla mun gera áætlun um staðgengla umsjónarmanns til að sinna umsýslu bygginga og öryggismála á meðan á lokun skóla stendur yfir.

Skipulag skólastarfs eftir opnun

Haldið verður áfram þar sem frá var horfið. Stjórnendur skóla munu endurskoða starfsáætlun í samráði við Skóladeild Garðabæjar og innan hennar er t.d. endurskoðað skóladagatal.

Skipurit í viðbragðsáætlun – stjórnun Sjúlandsskóla



Nr.	Neyðarstig	Verkþáttur	Framkvæmd
1	Flensufaraldur er hafinn, framkvæmd viðbragðsáætlunar.	Prep 1, óbreytt starfsemi en sóttvarnir framkvæmdar, fræðsla aukin og upplýsingaflæði eft. Fylgst náið með fjarvistum. Samskiptaleiðir yfirfarnar. Fyrirmælum sóttvarnalæknis fylgt.	<p>Hefðbundin starfsemi.</p> <p>Aukin áhersla á sóttvarnir og fræðslu.</p> <p>Skólastjóri upplýsir starfsfólk og foreldra um viðbragðsáætlun skóla.</p> <p>Foreldrar og starfsfólk upplýst um flensufaraldur er hafin og bent á fræðsluefni.</p> <p>Stuðst er við veikindaafleysingu vegna forfalla.</p>
2		Prep 2, aukin tíðni veikinda, möguleg breyting á starfsemi. Fyrirmælum sóttvarnalæknis fylgt.	<p>Grunnstarfssemi haldið úti með því að sameina bekkji/ hópa.</p> <p>Skólastjóri (staðgengill) fylgist með forföllum og setur upplýsingar inná heimasíðu skólans og tilkynningar við innganga skólans.</p> <p>Starfsfólk fært til í starfi. Hugsanlega getur þurft að færa starfsmenn milli stofnana innan Garðabæjar.</p>
3		Prep 3, veruleg breyting á starfsemi: lokun eða aðgerðaráætlun um órofna starfsemi fer í gang. Fylgt fyrirmælum sóttvarnalæknis.	<p>Eldri börn send heim.</p> <p>Reynt að halda skólahaldi hjá yngstu börnum, með sameiningu bekkja og starfsfólk fært til í starfi.</p> <p>Verði samtímis forföll starfsmanna þannig að það verða fleiri en u.þ.b. 20 nemendur á starfsmann í tvo virka daga samfleytt verða nemendur sendir heim eftir því sem kostur er. Foreldrar beðnir um að aðstoð við að létta álagi af stofnun.</p>

9. Samskiptaleiðir

Lykilaðilar er varðar boðun og afboðun

Edda Björg Sigurðardóttir	Skólastjóri	edda@sjalandsskoli.is	6171505
Sesselja Þóra Gunnarsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	sesseljag@sjalandsskoli.is	6171506
Sigurður Guðleifsson	Umsjónarmaður	sigu@sjalandsskoli.is	8208520
Linda Rán Úlfisdóttir	Skrifstofustjóri	lindau@sjalandsskoli.is	7712022
Helga Hjálmarsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur	sjalandsskoli@heilsugaeslan.is	5903107
Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir	Tölvur/upplýsingafr.	eyglor@sjalandsskoli.is	6171509
Guðrún Dóra Jónsdóttir	Fulltrúi kennara í skólaráði	gudrunj@sjalandsskoli.is	6610991
Elfa Hrönn Friðriksdóttir	Fulltrúi kennara í skólaráði	elfa@sjalandsskoli.is	8684210

Ábyrgðaraðili á skólaskrifstofu

nafn: Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs

netfang: eirikurbjorn@gardabaer.is sími/gsm: 525-8540

Tengiliðir á háskastigi á skólaskrifstofu

nafn: Katrín Friðriksdóttir, deildarstjóri skóladeildar

netfang: katrinf@gardabaer.is sími/gsm: 525-8545

nafn: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi

netfang: halldorapet@gardabaer.is

sími/gsm:5258542

10. Dreifingarlisti

Eintakið er vistað rafrænt á eftirtöldum vefsíðum: <http://www.sjalandsskoli.is/>

Innri vefur skólans : [Viðbragðsáætlun Almanna - heimsfaraldur](#)

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök geymd á eftirtöldum stöðum:

Vinnuherbergi starfsmanna	6.stk
Skrifstofustjóri	1.stk
Skrifstofa skólastjóra	1 stk.
Kaffistofa	1 stk.

11. Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
	10/08/2009	Sniðmát menntamálaráðuneytis sent skólanum	
1.0	27/08/2009	Viðbragðsáætlun skóla birt	HG
	30/3 2020	Endurmat vegna heimsfaraldurs	EBS